



Síða 1 í 3	Fjölbrautaskóli Vesturlands	
	Námsáætlun Þýsk1HL05 haustönn 2018	

Kennari: Kristín Luise Kötterheinrich	Netfang: kristin@fva.is
---------------------------------------	-------------------------

<p><b>Námsgögn:</b>  <b>Menschen</b> (Kursbuch og Arbeitsbuch)          Lausblaðamappa          Ítarefni frá kennara</p>
--

<p><b>Lýsing:</b>          Unnið er markvisst með og byggt á þeirri kunnáttu sem nemendur hafa nú þegar tileinkað sér í fyrri áföngum. Áfram er unnið með færniþættina fjóra (lestur, hlustun, tal og ritun) og að aukinni færni nemenda í þeim. Textar lengjast og þyngjast smám saman, aukið er við orðaforða jafnt og þétt og ný málfræðiatríði kynnt til sögunnar og æfð. Unnið er áfram með grunnkennslubók en einnig er stuðst við annars konar efni s.s. kvikmynd(ir), mismunandi texta, verkefni o.fl. Sérstök áhersla er lögð á menningu og staðhætti þýskumælandi landa og vinna nemendur verkefni tengd menningu og landafræði. Auknar kröfur eru gerðar um sjálfstæð vinnubrögð t.d. við verkefnavinnu, lestur, notkun orðabóka, notkun internetsins og e.t.v. smáforrita.</p>
--

<p><b>Markmið (þekking, leikni, hæfni):</b></p> <p><b>Þekking</b>          Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• þeim orðaforða sem nauðsynlegur er til að mæta hæfniviðmiðum áfangans</li> <li>• ólíkum textagerðum og muni á töluðu og rituðu máli</li> <li>• grundvallarpáttum málkerfisins</li> <li>• framburðarreglum og tónfalli</li> <li>• mannlífi, menningu, staðháttum, siðum og samskiptavenjum í þýskumælandi löndum</li> </ul> <p><b>Leikni</b>          Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• skilja talað mál um kunnugleg efni og fylgja almennum munnlegum fyrirmælum</li> <li>• greina helstu aðalatriði í kvikmyndu þegar fjallað er um afmörkuð efni</li> <li>• lesa fjölbreyttari gerðir texta, greina aðalatriði frá aukaatriðum og vinna úr textunum á mismunandi hátt</li> </ul> <p><b>Hæfni</b>          Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekking og leikni sem hann hefur aflað sér til að:</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• fjalla á tiltölulega einfaldan hátt, munnlega og skriflega, um efni sem hann hefur aflað sér þekkingar á og tjá jafnframt eigin skoðanir og persónulega reynslu</li> <li>• bjarga sér á þýsku við ýmsar aðstæður í almennum samskiptum</li> <li>• tileinka sér aðalatriði í frásögnum og mismunandi tegundum texta</li> <li>• meta eigið vinnuframlag og annarra</li> <li>• tileinka sér jákvætt viðhorf til þýskunámsins og hafa trú á eigin kunnáttu</li> </ul>
---

	Fjölbrautaskóli Vesturlands	
	Námsáætlun Þýsk1HL05 haustönn 2018	
Síða 2 í 3		

### Námsmat:

Hlutapróf	30%
Ýmis verkefni	15%
Mappa	10%
Ritanir	15%
Lokaverkefni/hópverkefni	10%
Munnleg verkefni	15%
Mæting, ástundun, virkni	5%

**Hlutapróf** taka mið af því námsefni sem farið hefur verið yfir hverju sinni (orðaforði, málnotkun, málfræði o.fl.). Hlutapróf eru 2.

**Ýmis verkefni** - geta verið litlar kannanir sem taka mið af orðaforða og/eða málfræði- og málnotkunaratriðum sem verið hafa til umfjöllunar í kennslustundum og eins hlustunarverkefni sem nemendur vinna ýmist í kennslustundum undir leiðsögn kennara eða heima. Vinna með texta utan kennslubókar og e.t.v. eitthvað fleira. 5 bestu gilda.

**Mappa** – ýmis fjölrít og verkefni úr Kurs- og Arbeitsbuch tengd orðaforða og málfræði.

**Ritanir** – ritunarverkefni eru unnin í kennslustundum og efni þeirra taka mið af þeim og málnotkun kaflanna í kennslubókinni. Nemendur vinna allmörg lengri og styttri ritunarverkefni á önninni, kennari fer yfir og skilar til nemenda með athugasemdum. Í lok annar er unnið með ritunarverkefni í samhengi.

**Hópverkefni/lokaverkefni** – nemendur vinna í hópum að verkefni um valið efni tengdu þýska málsvæðinu. Verkefnið er kynnt í tíma og nemendur taka þátt í að meta það (jafningjamat).


**Munnlegt próf /verkefni** - eru 2-3 ýmist unnin í einstaklings- eða paravinnu.

**Til að standast áfangann þarf nemandi að mæta í 90% kennslustunda og skila a.m.k. 90% verkefna. Skylda er að taka hlutapróf, standa skil á munnlegum verkefnum, skila lokaritun og taka þátt í lokaverkefni. Nemendur sem fengið hafa samþykka árekstrarheimild eða frávik frá skólasóknarreglu gangast undir annars konar námsmat sem felur í sér skriflegt lokapróf.**

### Aðrar mikilvægar upplýsingar:

Nemendum ber að fylgjast með tilkynningum á INNU. Nemendum með frávik frá skólasóknarreglu og árekstrarheimild er sérstaklega bent á þetta – sömu dagsetningar gilda fyrir alla nemendur.

Nemendur skulu virða skilafresti verkefna. Aldrei er hægt að skila verkefnum til kennara eftir að aðrir nemendur hafa fengið þau til baka. Ekki er hægt að vinna upp verkefni annarinnar í annarlok.

Síða 3 í 3	Fjölbrautaskóli Vesturlands	
	<b>Námsáætlun</b> <b>Þýsk1HL05 haustönn 2018</b>	

Sjúkrapróf eru aðeins í boði fyrir þá sem eru löglega afsakaðir (tilkynnt og skráð veikindi/leyfi í INNU) í hlutaprófum og munnlegum prófum. Nemandi ber að hafa samband við kennara hið fyrsta til þess að fá upplýsingar um sjúkraprófið. Hafi nemandi ekki samband er litið svo á að hann ætli sér ekki að taka prófið og skráist þá einkunnin 0.

Tölvur og símar eru einungis leyfð í kennslustundum til að leysa verkefni og skulu ekki sjást uppi á borðum ef ekki er verið að nota þau til slíks. Nemendur sem ekki virða þessa reglu geta búist við að fá fjarvistarstig. **Sjá nánar um notkun snjalltækja í skólanámsskrá FVA.**

Nemendum er bent á að vikulegar kennsluáætlanir eru birtar á tilkynningasíðu Innu í upphafi hverrar kennsluviku. Áætlunin hér að neðan er aðeins til viðmiðunar, endanlegar dagsetningar námsmatsþátta eru tilkynntar á Innu.

Vika	Dags.	Námsþættir	Námsmatsþættir
1	20.-24.8.	Kynning á áfanga, upprifjun og stöðumat	
2	27.-31.8.	Klárur upprifjun, Lektion 18	Ritun 1
3	3.-7.9.	Lektion 18	
4	10.-14.9.	Lektion 19	
5	17.-21.9.	Lektion 19	Ritun 2
6	24.-28.9.	Lektion 22	
7	1.-5.10.	Lektion 22	Hlutapróf 1
8	8.-12.10.	Lektion 23	Munnlegt 1, ritun 3
9	15.-19.10.	Vinna utan kennslubókar, <b>miðannarfrí 18. og 19.</b>	
10	22.-26.10.	Lektion 23 + viðbót	ritun 4
11	29.- 2.11.	Lektion 17	
12	5.-9.11.	Lektion 17	ritun 5
13	12.-16.11.	Lektion 24	
14	19. – 23.11.	Lektion 24	Hlutapróf 2, ritun 6
14	26.-30.11.	Úrvinnsla ritunarverkefna	Munnlegt 2
15	3.- 7.12.	Námsmatsdagar (lokaverkefni)	
16	10.-14.12.	Námsmatsdagar (kynning á lokaverkefni)	
17	17.-18.12.		